

Fréttapistill frá forseta Íslands

4. maí 2020

Nú eru runnin upp tímamót í baráttu okkar við veiruna skæðu. Slakað hefur verið á ýmsum reglum og tilmælum, skólastarf hafið að nýju og mun fleiri mega koma saman en áður. Enn eru ýmsar takmarkanir þó í gildi og hvet ég landsmenn til að fylgja leiðbeiningum í hvívetna, sjálfum sér og öðrum til varnar. Þannig gildir tveggja metra reglan enn og öflugur handþvottur er mikilvægur sem aldrei fyrr. Allar upplýsingar má sjá á www.covid.is.

Bókaröðin Landið þitt Ísland hefur lengi verið í uppáhaldi hjá mér, frábært uppflettirit Þorsteins Jósefssonar og Steindórs Steindórssonar frá Hlöðum. Með það nærri er hægt að ferðast í huganum um land allt. Í sumar gefst færi á að ferðast hér heima þótt við þurfum að sjálfsögðu að hafa reglur um mannfjölda og fjarlægð til hliðsjónar.

Sunnudaginn 26. apríl ókum við fjölskyldan sem leið lá austur í Vík. Við Eliza ræddum þar við Þorbjörgu Gísladóttur sveitarstjóra og Einar Frey Elínarson oddvita um stöðu samfélagsins þar og sóknarfæri. Vala Hauksdóttir opnaði Kötlusetur fyrir okkur og Kolbrún Ósk Guðjónsdóttir reiddi þar fram veitingar. Við þökkum kærlega fyrir okkur og gott var að finna að Mýrdælingar ætla ekki að leggja árar í bát þótt á móti blási. Í ferð okkur komum við einnig við í Reynisfjöru og við Skógafoss, og fengum okkur í gogginn á Hvolsvelli. Í sumar verður gaman að ferðast innanlands!

Á mánudaginn var hélt ég í Arnarskóla í Kópavogi. Þann skóla sækja nemendur á grunnskólaaldri með ýmis þroskafrávik. Á viðburðinum afhenti forystusveit Blás apríls – styrktarfélag barna með einhverfu skólanum eina milljón króna sem verður nýtt til kaupa á leiktækjum og annarra endurbóta utanhúss. Ég flutti stutt ávarp og þakkaði styrktarfélaginu rausnarskapinn. Sama gerði mennta- og menningarmálaráðherra sem einnig sótti viðburðinn. Á mynd að neðan heilsa ég Arnari Þorberg Björnssyni, nemandi við skólann.

Þennan dag, mánudaginn 27. apríl, birtist jafnframt kveðja mín við opnun alþjóðlegrar jarðhitaráðstefnu, World Geothermal Congress. Það þing er hið stærsta sinnar tegundar í heiminum og til stóð að halda það hér á landi. Veiran og varnir gegn henni komu í veg fyrir það en áfram þarf að halda því til haga að hér búum við yfir þekkingu og reynslu í nýtingu jarðhita sem aðrir geta lært af. Hægt er að horfa á ávarpið hér: <https://www.forseti.is/.../2020-04-27-jar%C3%B0hitar%C3.../>

Aðra kveðju færði ég spilurum EVE Online, tölvuleiksins sem leikjafyrirtækið CCP rekur. Á þeim vettvangi olli veiran líka usla; aflýsa þurfti árlegri spilagleði – „Fanfest“ – sem halda átti hér í byrjun síðasta mánaðar. Það verður að viðurkennast að ég leik ekki EVE Online en einu sinni í viku hef ég spilað fótbolta með starfsmönnum fyrirtækisins. Og nú er nýsköpunargeirinn hér heima enn mikilvægari en áður. Kveðju mína til leikjaspilara um víða veröld má horfa á hér (hefst á 4. mínútu): <https://www.youtube.com/watch?v=jD2pojPhtqU...>

Á miðvikudaginn var áttum við Eliza fund með Skarphéðni Berg Steinarssyni ferðamálastjóra og ræddum leiðir til að styðja við bakið á fyrirtækjum og einstaklingum í ferðageiranum, meðal annars það átak að hvetja til ferða innanlands í sumar. Þá fórum við yfir landkynningaráform þegar óhætt verður talið að ferðast á ný milli landa. Þennan dag sendi ég einnig kveðju til starfsfólks Icelandair í ljósi þess að rúmlega 2.000 manns var þar sagt upp störfum. Er það mesta hópuppsögn í sögu landsins.

Á frídagnum var haldið kyrru fyrir og þakka ég áhugaverða dagskrá í sjónvarpinu um kvöldið. Sama verður auðvitað sagt um Helga Björns og gesti hans á laugardagskvöldið, Bubba Morthens á föstudögum, Ellen Kristjánsdóttur, margra fleiri og ég biðst afsökunar á að ná ekki að nefna alla. Allt það frábæra listafólk, sem hefur stytt okkur stundir í samkomubanni, á miklar þakkir skildar.

Síðastliðið laugardag vorum við fjölskyldan í Búðardal og Dalabyggð. Kristján Sturluson sveitarstjóri fór fyrir móttökunefnd sem sýndi okkur Vínlandssetur, glæsilegt safn um vesturferðir Íslendinga fyrir rúmum þúsund árum sem verður opnað síðar í sumar. Ljúfan hádegisverð fengum við í Dalakoti og síðan lá leiðin að Ásgarði þar sem Eyjólfur Ingvi Bjarnason og Guðbjört Lóa Þorgrímsdóttir tóku á móti okkur með fjölskyldu sinni og heimafólki. Börnin fengu að halda á nýbornum lömbum og eitt kom í heiminn þegar okkur bar að garði.

Þá var haldið að Eiríksstöðum þar sem Bjarnheiður Jóhannsdóttir ferðamálafulltrúi og Reynir Guðbrandsson brugðu sér í forn klæði og sýndu okkur þennan skemmtilega tilgátubæ, steinsnar frá rústum hinna alvöru Eiríksstaða þar sem Eiríkur rauði bjó uns hann hélt vestur um haf. Gaman er að koma á þennan stað með börn og ungmenni og fræðast um spennandi þætti liðinnar tíðar. Loks var komið við á Erpsstöðum og þar getur fjölskyldufólk heldur betur notið sín líka; ærslabelgur og leiktæki úti við, skepnur að skoða og fyrirtaks ís í boði. Fróðlegt var að spjalla við þau hjón, Helgu Elínborgu Guðmundsdóttur og Þorgrím Einar Guðbjartsson, um framtíðarhorfur og leiðir til að komast út úr þeim vanda sem nú er við að etja í samfélaginu. Á leiðinni suður námum við svo staðar við Glanna - í fyrsta sinn í mörg ár, verð ég að viðurkenna, en alltaf er sá foss eins fagur.

Fyrir okkur á suðvesturhorninu eru helgarbíltúrar af því tagi sem ég hef nefnt hér, suður í Vík eða vestur í Dali, afar skemmtilegir. Síðan er auðvitað hægt að leggjast í lengri ferðir í sumar og vonandi verður sú raunin að sem flestir landsmenn nái þannig að njóta landsins og styrkja ferðaþjónustugeirann um leið.

Að lokum sendi ég Guðjóni Val Sigurðssyni handboltakappa hlýjar kveðjur og þakkir fyrir hans mikla framlag í heimi íþróttanna. Löngum og glæstum ferli hans er lokið. Við Íslendingar, sem unnum handkattleik svo mjög, tókum með trega þeim tíðindum að hann leggur nú skóna á hilluna. Um leið verður þó að skilja þá ákvörðun og virða. Aldurinn færir yfir!

Í gær var ég gestur á upplýsingafundi almannavarnadeildar ríkislögreglustjóra og má horfa á ávarp mitt á þeim vettvangi hér: <https://www.forseti.is/.../2020-05-03-uppl%C3.../>.

Í máli mínu nefndi ég sem dæmi um farsæla leiðtoga Guðjón Val og Margréti Láru Viðarsdóttur – hún tilkynnti í lok síðasta árs að glæstum ferli í fótboltanum væri lokið. Bæði gátu unnið leiki upp á eigin spýtur, bæði trúðu á eigin getu en vissu um leið að þau yrðu að reiða sig á liðsfélaga sína, reiða sig á samstöðu hópsins.

Þetta höfum við Íslendingar einmitt gert í vörnum okkar gegn vágestinum. Við höfum staðið saman vegna þess að einvalalið okkar í almanna- og veiruvörnum sannfærði okkur með rökum, þekkingu og vísdómi um mikilvægi þess, en ekki vegna þess að beinar skipanir bárust frá valdhöfum að ofan. Hér hefur fólk ákveðið að standa saman af fúsum og frjálsum vilja.

En áfram er verk að vinna. Þótt dagurinn í dag sé gleðidagur að því leyti að óhætt þykir að slaka á ýmsum hömlum megum við vita að gáleysi gæti reynst dýrkeypt. Höldum því áfram á sömu braut. Ég þakka ykkur lesturinn og óska ykkur öllum velfarnaðar.

Í blálökin leyfi ég mér svo að geta þess að álfasala SÁÁ er hafin, að þessu sinni með óvenjulegum hætti en ég hvet alla, sem á því hafa tök, að fara á www.alfasala.is og finna fallegan álf að kaupa – af nægum er að taka!